

Garðabæ 14. ágúst 2007

I

Sl. vetur hafði Einar Indriðason frá Melum samband við mig, varðandi meinta röskun á fjörum neðan við Mela, Norðurkot og Útkot á Kjalarnesi. Undirritaður ólst upp í Útkoti frá 1932-1944 og er því vel kunnugur á fyrrgreindum fjörum, sem voru bæði leikvöllur og vinnustaður á þessum árum.

Á vormánuðum í ár (2007) og síðast 31. júlí, fór ég nokkrar ferðir á svæðið frá Norðurkoti að Saurbæ. Það sem vakti athygli mína var hversu gríðarleg lækkun hefur orðið á fjörunum neðan við Mela og Norðurkot og er berggangur kominn uppúr sandinum eftir endilangri fjörunni en þarna var góð malarfjara sem við drógum fiskibáta okkar upp á bakka án fyrirstöðu. Nú virðist mér fjaran hafa lækkað sennilega allt að einum metra.

II

Oft var sóttur pússningasandur í fjöruna neðan við Útkot og farið þá niður um slóða sem var hjá uppsátrinu neðan Mela. Nú yrði traudla farið með lestaða hestvagna, eins og áður, vegna klappa og kletta sem aðskilja malar og sandfjöruna í dag. Þann 16. maí '07 á stórstraumsfjöru var ætlan mín að fara úti Útkotshólmann, sem ég taldi hægt að ganga þurrum fótum eins og á árum áður, en betri búnað hefði þurft til að fara á milli en hnéstígvél mín, svo ég komst ekki. Ég tel að loftþrýstingur hafi verið vel yfir 1000 millibör, sem telja má hagstætt. Ég verð því að álykta að sandfjaran mótsvið Útkot hafi lækkað umtalsvert en átta mig ekki á hversu mikið, þar sem ófært var fyrir mig milli lands og hólma.

III

Í heimsóknum mínum að Saurbæ sá ég mikið rof á fjörum. Þegar gerður var myndarlegur sjóvarnargarður á sínum tíma fylgdist ég með þeirri framkvæmd og þekki því nokkuð vel til. Markmiðið var að verja kirkjugarðinn, sem vel tókst til um árabil (sjá loftmynd í Kjalnesingabók bls. 20 frá 1986). Gróður varð samfelldur frá grjóttgarði og upp á kirkjuhólinn. Nú hefur þetta mannvirki að stórum hluta rofnað og gróðurinn þar með. Greinilega þarf að bregðast við þessari vá með skjótum hætti.

Jón Fr. Sigvaldason

Kt. 080229-2919

Faxatúni 32

210 Garðabæ

Jón Fr. Sigvaldason

* Kjalnesingabók er sást í daglegu Tali en bókin heitir „Kjalnesingar“ „Húsnæð og Saga Kjalneshests“ útgáfin 1998